

Sp.

79. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina að kaupa Efra-Hvol í Rangárvallasýslu.

Flm.: Helgi Jónasson, Sveinbjörn Högnason.

Ríkisstjórninni heimilast að kaupa jörðina Efra-Hvol í Rangárvallasýslu ásamt húsum og mannvirkjum, ef viðunandi samkomulag næst um kaupin við núverandi eiganda.

G r e i n a r g e r ð .

Við sýslumannaskiptin í Rangárvallasýslu hafa komið fram örðugleikar á því að fá húsnæði og hentugan dvalarstað fyrir hinn nýja sýslumann. — Eins og kunnugt er, er ekkert þorp og enginn kaupstaður í sýslunni, og því ógerningur að fá leigt húsnæði, jafnvel um stundarsakir, fyrir sýslumann og skrifstofu hans. Að þessu leyti er öðruvísi ástatt um þessa sýslu en allar aðrar sýslur á landinu. Hinsvegar er það sýslubúum nauðsyn, að sýslumaður þeirra sé þannig settur, að sem hægst sé að ná til hans með samgöngum þeim, sem fyrir hendi eru. Er enginn efi á því, að í því tilliti er hentugast, að hann sitji þar, sem flestar samgönguleiðir mætast innansýslu, en það er í Hvolhreppi, og er það enda mest miðsvæðis í sýslunni.

Nú vill svo til, að fráfarandi sýslumaður, Björgvin Vigfússon, mun vilja selja Efra-Hvol, sem uppfyllir þessi skilyrði prýðilega, og virðist því í alla staði réttmætt, að ríkisstjórninni sé heimilað að kaupa af honum hús og mannvirki, ef viðunandi samkomulag næst.